

Samþykktir Lífeyrissjóðs Rangæinga

1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Rangæinga. Heimili hans og varnarþing er í Rangárþingi ytra.

2. Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktá þessara.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Grundvöll sjóðsins má rekja til samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 ásamt síðari breytingum og er markmið samþykktá sjóðsins að tryggja þau lágmarksréttindi sem þar greinir. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

3. Sjóðfélagar.

- 3.1. Sjóðfélagar skulu vera allir þeir, sem greitt er fyrir, greiða eða hafa greitt iðgjöld til sjóðsins og eiga hjá honum réttindi og byggja starfskjör sín á kjarasamningum eftirtalinna stéttarféлага sem ákvarða lágmarkskjör í viðkomandi starfsgreinum á því svæði sem samningarnir taka til, eða ráðningarbundin starfskjör þeirra byggjast á: Verkalýðsfélag Suðurlands og Félag iðn- og tæknigreina. Aðildarfélag sjóðsins eru framangreind stéttarfélag af hálfu launamanna en Samtök atvinnulífsins af hálfu atvinnurekenda. Skylda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga til að greiða í lífeyrissjóð hefst við 16 ára aldur en fellur niður við 70 ára aldur.
- 3.2. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóðnum á grundvelli heilsufars hans, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærð eða kyns. Heimilt er launamanni, sem ekki er skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði og sjálfstætt starfandi einstaklingi að velja sér aðild að sjóðnum.
- 3.3. Heimilt er launamanni, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í sjóðnum. Þá er atvinnurekendur sem tengjast starfssviði sjóðsins heimil sjóðsaðild, en biðtími skv. 12.-14. gr. skal reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjald berst sjóðnum fyrsta sinni. Sama á við um þá aðila sem ekki eru bundnir kjarasamningum, eða að ráðningarbundin starfskjör þeirra byggjast ekki á kjarasamningi, en óska eigi að síður eftir aðild að sjóðnum.
- 3.4. Nú óskar stéttarfélag eftir aðild að þessum sjóði, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að veita félagsmönnum þess og þeim, sem taka laun eftir viðurkenndum launatöxtum þess, leyfi til að gerast sjóðfélagar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launþega, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum.
- 3.5. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við Lífeyrissjóð Rangæinga. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðféлага sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðféлага hinna sjóðanna. Stéttarfélag sem að slíkum sjóðum standa fá fulla aðild að fulltrúaráði skv. gr. 5.3. Stjórn sjóðsins er jafnframt heimilt að selja öðrum lífeyrissjóðum tryggingavernd og hafa samstarf við aðra lífeyrissjóði um einstaka þætti tryggingaverndar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að bjóða sjóðfélögum og öðrum aðilum samninga um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað í samræmi við lög nr. 129/1997 og gera samninga við þá aðila sem uppfylla skilyrði 3. mgr. 8. gr. nefndra laga um einstaka þætti viðbótartryggingarverndar og rekstur séreignadeilda.
- 3.6. Þeir, sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast sjóðfélagar.
- 3.7. Heimilt er að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgja milli lífeyrissjóða þegar að töku lífeyris kemur. Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi fær útborguð réttindi sín í einu lagi eða þau flytjast samkvæmt samskiptareglum lífeyrissjóða í annan lífeyrissjóð. Brottfall aðildar skulu aðildarfélag sjóðsins tilkynna skriflega með 6 mánaða fyrirvara og miðast við áramót.

4. Stjórn.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum. Tveir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi ásamt einum varamanni og tveir staðfestir af fulltrúum atvinnurekenda í fulltrúaráði á grundvelli tilnefningar Samtaka atvinnulífsins ásamt einum varamanni. Óheimilt er að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjörtímabilinu nema hann bresti hæfi til að gegna stjórnarsetu samkvæmt lögum eða samþykktum sjóðsins. Tilnefningaraðili skal tilkynna stjórn sjóðsins með formlegum hætti rökstudda ákvörðun um afturköllun umboðs með tilvísun í viðeigandi lagaákvæði, samþykktir eða reglur.
- 4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa og skipa helming stjórnarmanna og varamanna. Aðildarfélag skulu gæta ákvæða laga um kynjahlutföll við skipan stjórnarmanna.
- 4.3. Stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum skulu vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir, hafa gott orðspor og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Stjórnarmenn skulu rækja skyldur sínar af heilindum, hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa sem slík seta krefst og taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig. Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins. Einstaklingur sem setið hefur í stjórn sem aðalmaður í 8 ár má ekki taka sæti sem aðalmaður fyrir en að þremur árum liðnum.
- 4.4. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur, hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt, þurfa þrír stjórnarmenn að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meiri hluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.
- 4.5.1. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórn ákveður hvernig innri endurskoðun skuli háttað, annaðhvort með því að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar eða semja við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins, setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá skal stjórnin setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fá þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar í samræmi við 108. gr. a. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.
- 4.5.2. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar til dæmis ákvarðanir um fjárfestingu í atvinnurekstri eða fasteignum skal framkvæmdastjóri aðeins gera með sérstakri ákvörðun stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund.
- 4.5.3. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á fundum hlutafélaga sem sjóðurinn á hluti í, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í lífeyrissjóðnum. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Að öðru leyti fer um hæfi framkvæmdastjóra svo sem segir í grein 4.3.
- 4.5.4. Stjórnin veitir og afturkallar prókúrumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- 4.6.1. Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum, skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn, og að fengnu samþykki hennar.
- 4.6.2. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á

reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.

- 4.6.3. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn og endurskoðendum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
- 4.7.1. Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður, starfsmaður eða af öðrum fjárhagslegum toga. Um hæfi til meðferðar einstaks máls fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnarsýslulaga. Skylt er þeim, sem í hlut á, að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfni skv. framansögðu. Skal þá varamaður taka sæti aðalmanns meðan fjallað er um mál sem svo er vaxið.
- 4.7.2. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eftir eðli máls.
- 4.7.3. Stjórn sjóðsins ákveður á hverjum tíma hverjir skulu sitja í stjórnnum fyrirtækja í umboði sjóðsins. Ef stjórnarmaður lífeyrissjóðsins er jafnframt stjórnarmaður í fyrirtæki sem sjóðurinn á verulegan hlut í, getur sá hinn sami ekki farið með umboð sjóðsins á aðalfundi fyrirtækisins. Stjórnarmaður lífeyrissjóðsins skal víkja af stjórnarfundum þegar málefni fyrirtækis, þar sem hann er stjórnarmaður eða hefur hagsmuna að gæta, eru tekin fyrir á stjórnarfundum sjóðsins.

5. Ársfundur og störf fulltrúaráðs.

- 5.1. Ársfundur hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðruvísi ákveðið í samþykktum þessum. Allir sjóðfélagar, eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.
- 5.2. Ársfund sjóðsins skal halda í maí ár hvert. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar, þegar þurfa þykir. Skylt er stjórninni að boða til aukafundar, ef annað tveggja félaga, sem eiga aðild að sjóðnum, krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Sama gildir ef slík ósk berst frá SA. Stjórnin skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarfélaga sjóðsins, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.
- 5.3. Sérstakt fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa fer með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við ákvæði samþykpta þessara. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu, án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps fyrir sig á fundinum. Fulltrúar stéttarfélaganna þeirra, sem aðild eiga að sjóðnum samkvæmt grein 3.1., skulu valdir eftir þeim reglum, sem stéttarfélagin komu sér saman um 2. febrúar 1990: Verkalýðsfélag Suðurlands velur 6 fulltrúa en (Iðnaðarmannafélag Rangæinga síðar Sunniðn, sunnlenska iðnfélagið) Félag iðn- og tæknigreina velur 3 fulltrúa. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu valdir eftir þeim reglum sem Samtök atvinnulífsins setja. Heimilt er fulltrúaráðsmanni að fara með umboð tveggja annarra fulltrúa á fundum fulltrúaráðsins og á ársfundi.
- 5.4. Stjórn sjóðsins skal kalla saman fulltrúaráð tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem rædd eru málefni sjóðsins, lykiltölur úr afkomu og framvinda fjárfestingarstefnu kynnt. Heimilt er stjórn sjóðsins að ákveða að fundur fulltrúaráðs að hausti sé opinn sjóðfélögum. Á fundi fulltrúaráðs í aðdraganda ársfundar skulu auk þess breytingar á samþykktum kynntar ef við á og starfskjarastefna kynnt. Fulltrúar samtaka launamanna skulu jafnframt staðfesta tilnefningar frá tilnefningarnefnd á fulltrúum sjóðfélaga til stjórnar sjóðsins. Þá skulu fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráði staðfesta tilnefningu Samtaka atvinnulífsins til stjórnar sjóðsins.
- 5.5. Eigi síðar en þremur mánuðum fyrir ársfund skulu fulltrúar stéttarfélaganna í fulltrúaráði sjóðsins skipa þriggja manna nefnd sem gera skal tillögu um frambjóðendur fulltrúa sjóðfélaga til stjórnar og varamanns þeirra. Tillagan skal m.a. taka mið af uppruna sjóðsins og hafa það að markmiði að þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafi tilsvarendi aðkomu að stjórn sjóðsins. Tilnefningarnefndin skal setja sér eigin starfsreglur. Samtök atvinnulífsins skulu jafnframt starfrækja tilnefningarnefnd sem undirbýr tilnefningar Samtaka atvinnulífsins um fulltrúa atvinnurekenda til stjórnar og varamanns þeirra. Tilnefningarnefndir þessar skulu

hafa formlegt samráð sín á milli með það að markmiði að tryggja að tillögur hvors aðila um sig séu með þeim hætti að stjórn verði í heild þannig samsett hverju sinni að hún búi yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt og geti sinnt málefnum sjóðsins af skilvirkni og heilindum. Afturkalli tilnefningaráðili umboð stjórnarmanns skal fulltrúaráð staðfesta þá ákvörðun ásamt tilnefningu nýs stjórnarmanns fram að næsta ársfundi.

- 5.6 Innan lífeyrissjóðsins starfar fjögurra manna nefnd um laun stjórnarmanna sem undirbýr og leggur fram tillögu til ársfundar um laun stjórnar fyrir komandi ár. Ársfundur kýs þrjá fulltrúa í nefndina. Nefndarmenn sem ársfundur kýs geta ekki verið úr hópi stjórnarmanna. Jafnframt situr stjórnarformaður sjóðsins hverju sinni í nefndinni. Nefndin skal hafa hliðsjón af því að stjórnarlaus endurspegli ábyrgð, sérþekkingu, reynslu og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Einn nefndarmanna skal kosinn af fulltrúum stéttarfélaga í fulltrúaráði og annar af fulltrúum samtaka atvinnurekenda í fulltrúaráði. Sá þriðji skal kosinn til skiptis af fulltrúum stéttarfélaga og fulltrúum samtaka atvinnurekenda í fulltrúaráði. Fulltrúar þess hóps sem ekki skipar stjórnarformann næstkomandi kjörtímabil kýs þriðja fulltrúann hverju sinni.
- 5.7. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaga greiða atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmat.
- 5.8. Á dagskrá skulu vera eftirtaldir dagskrárlíðir:
1. Skýrsla stjórnar.
 2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings.
 3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt.
 4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.
 5. Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins.
 6. Stjórnarkjör og kjör nefndar um laun stjórnarmanna samkvæmt samþykktum sjóðsins.
 7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 23. greinar.
 8. Laun stjórnarmanna.
 9. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyriertækis.
 10. Kjör utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd, ef við á.
 11. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

6. Reikningar og endurskoðun.

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og skal ársreikningurinn gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.
- 6.2. Við sjóðinn skal starfa endurskoðunarnefnd, sbr. 108. gr. a. – d. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

7. Tryggingafræðileg athugun.

- 7.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lágmarksréttinda, sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarréttinda, sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lágmark. Athugun skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hafa viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til slíks starfs. Fyrir 15. maí ár hvert skal senda Fjármálaeftirlitinu hina tryggingafræðilegu athugun.
- 7.2. Hrein eign lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafn há núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af. Lífeyrisloforð sjóðsins til framtíðar skulu árlega endurskoðuð og breytt ef tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins gefa tilefni til sbr. ákvæði greina 10.1., en um breytingar á áunnum réttindum fer eftir ákvæðum gr. 7.3. og 7.4.
- 7.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins eru meira en 10% umfram lífeyris-skuldbindingar hans, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra

varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um hækkun lífeyrisréttinda. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt, að höfðu samráði við tryggingafræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, að auka áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Aukningin skal gerð þannig að áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 11.–14. gr. þessara samþykktu, eru aukin hlutfallslega jafn mikið. Staða sjóðsins, það er mismunur eigna og skuldbindinga samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt, skal þó ætíð vera jákvæð eftir aukningu réttinda, bæði þegar litið er til áunninna réttinda og heildarréttinda.

- 7.4. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að eignir sjóðsins eru meira en 10% lægri en lífeyrisskuldbindingar hans, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um lækkingu lífeyrisréttinda, enda finnst ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Komi til lækkingar áunninna réttinda skal lækkingin gerð með því að skerða áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 11.–14. gr. þessara samþykktu, hlutfallslega jafnmikið.
- 7.5. Nú leiðir tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins er svo ótryggur að við svo búið má ekki standa og ætla má, miðað við tryggingafræðilegar forsendur, að eignir hans muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við þau lágmarksréttindi, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. grein 2.2. Skal stjórn sjóðsins þá boða til aukaársfundar eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hin tryggingafræðilega niðurstaða lá fyrir. Á fundinum skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um sameiningu við annan samtryggingarsjóð eða lokun sjóðsins. Jafnframt skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um hjá hvaða lífeyrissjóði tryggja beri sjóðfélögum lífeyrisrétt. Tillögurnar skal afgreiða með sama hætti og tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.

8. Ávöxtun fjár sjóðsins.

- 8.1. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn skal ávaxta fé sjóðsins með tilliti til ákvæða í VII. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Skipting á eignasafni sjóðsins í einstaka eignaflokka, sem og frekari viðmiðanir og skilyrði varðandi einstakar fjárfestingar, skulu á hverjum tíma vera í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins og ákvæði laga nr. 129/1997.
- 8.2. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum verðbréfum. Þar skal ennfremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímallengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að endurspegli gleggst fjárfestingarstefnu hans. Á ársfundi sjóðsins, skal kynna fjárfestingarstefnuna, sbr. 5.5.4.
- 8.3. Heimilt er sjóðnum að eiga fasteign fyrir skrifstofur sínar.

9. Iðgjöld.

- 9.1. Iðgjald til samtryggingardeildar lífeyrissjóðsins skal vera skv. kjara- eða ráðningarsamningi, ekki lægra en 15,5% af launatekjum sjóðfélaga 16 til 70 ára, sem tilgreind eru í greinum 9.2. eða 9.3., og myndar það rétt til samtryggingarverndar samkvæmt ákvæðum samþykktu sjóðsins. Sjóðfélaga er heimilt að ráðstafa allt að 3,5% af iðgjaldsstofni í tilgreinda séreign, enda sé gert ráð fyrir slíku í kjara- eða ráðningarsamningi. Hámark iðgjaldshlutfalls sem greitt verður af til samtryggingardeildar lífeyrissjóðsins skal vera jafnhátt því sem hæst er um samið í kjarasamningi aðildarsamtaka sjóðsins. Sjóðfélaga er heimilt að hækka eða lækka iðgjald til samtryggingarverndar frá því sem kjara- eða ráðningarsamningur segir til um innan ofangreindra marka enda sé gerður um það sérstakur skriflegur samningur á milli sjóðfélaga og lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út skilmála um slíkan samning.
- 9.2. Iðgjald samkvæmt 9.1. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Enn fremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun og lífeyri sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, slysa- og sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum stéttarfélagu og bætur

tryggingafélaga vegna atvinnutjóns af völdum slysa. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

- 9.3. Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. 58. gr. þeirra laga. Um iðgjaldshlutfall fer eftir grein 9.1.
- 9.4. Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldþagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti skv. ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna lífeyrissjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum. Launagreiðendur og sjálfstæðir atvinnurekendur skulu senda skilagrein með iðgjaldinu þar sem m.a. koma fram iðgjalds-hlutföll og iðgjöld hvers aðila samkvæmt kjara- eða ráðningarsamningi ásamt því iðgjaldshlutfalli og iðgjaldi sem skal renna til samtryggingar. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út reglur um form skilagreinarinnar. Liggja ekki annað fyrir til innheimtu iðgjalds miðað við að iðgjaldshluti launamanns sé 4% en launagreiðanda það sem umfram er, þó að lágmarki 11,5%.
- 9.5. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 9.6. Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 9.7. og 9.9. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot, og Ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 10. grein laga nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa. (Um er að ræða m.a. stjórnarmenn og stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis, maka þeirra og skyldmenni, skv. nánari reglum stjórnar Ábyrgðasjóðs launa)
- 9.7. Tvisvar á ári, skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv. framanskráðu, skal viðkomandi án tafar gera sjóðnum viðvart um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunnin og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri. Jafnframt skal lífeyrissjóðurinn veita nýjum sjóðfélögum upplýsingar um helstu réttindi sem ávinnast við greiðslu iðgjalda ásamt upplýsingum um skipulag og stefnu sjóðsins. Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitum og upplýsingum samkvæmt þessari grein með rafrænum hætti þar sem rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga er krafist, en við rafræna birtingu upplýsinga sem teljast almenns eðlis þarf þó ekki að krefjast rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga. Slíkar upplýsingar verða almennt að finna á heimasíðu sjóðsins. Sjóðfélaga er þó ávallt frjálst að óska eftir því að fá ofangreind gögn og upplýsingar á pappírformi sér að kostnaðarlausu.
- 9.8. Senda skal lokaadvörum til launagreiðenda, ef iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum hans hafa verið í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga. Formlega innheimtu skal hefja innan 15 daga frá útsendingu lokaadvörunar eða fyrr sé rökstudd ástæða til að ætla að iðgjaldskrafa sé ótrygg.
- 9.9. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðenda. Lokaaðvörum til launagreiðenda skal senda innan 90 daga frá dagsetningu yfirlits samkvæmt gr. 9.7. Heimilt er lífeyrissjóði að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil, ekki tilkynnt um að hann hafi hætt starfsemi eða að launþegar sem greiða til lífeyrissjóðsins hafi látið af störfum.
- 9.10. Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og skapa réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfelli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.8. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur

fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðenda. Skilgrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilgreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.

- 9.11. Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið, að iðgjöld samkvæmt gr. 9.1. skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans, sbr. gr. 11.7. b. Þessari skiptingu iðgjalda skal hætt að ósk sjóðfélaga, enda framvísi hann skilríkjum um að fjárfélagi hans og maka hans hafi verið slitið eða aðilar hafi gert með sér nýtt samkomulag.

10. Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 10.1. Réttindi sjóðfélaga til lífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í lífeyrissjóðinn hverju sinni. Lífeyrisréttindi sjóðfélaga eru reiknuð í samræmi við réttindaákvæði 11.-14. gr. og eru niðurstöðurnar birtar í réttindatöflum I til IV í viðauka A, sem einnig telst hluti af samþykktum þessum. Reikna skal nýjar töflur árlega á sama tíma og tryggingafræðileg staða sjóðsins er reiknuð. Gefi nýju réttindatöflurnar niðurstöðu sem breytir framtíðarskuldbindingum sjóðsins um meira en 1% þá skulu nýju töflurnar taka gildi frá og með næstu áramótum þaðan í frá, enda samþykki ársfundur tillögu þar um. Lágmarkstryggingavernd miðast við að innborgun hefjist við 20 ára aldur.
- 10.2. Ávinnsla réttinda ræðst af aldri sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins samkvæmt töflu I í viðauka A, sbr. þó gr. 10.3. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af. Lífeyrisréttindin eru skilgreind í 11.-14. gr., sbr. þó greinar 10.3. og 10.4.
- 10.3.1 Sjóðfélagi sem á réttindi í sjóðnum m.v. árslok 2004 er heimilt að greiða til hans iðgjöld allt að tilteknu hámarki með jafnri réttindaávinnslu í jafn marga mánuði og viðkomandi hafði greitt iðgjöld til sjóðsins fyrir 42 ára aldur í lok árs 2004. Hafi hann greitt iðgjöld í full 5 ár á umræddu tímabili á hann rétt á að greiða allt að viðmiðunariðgjaldi í jafnri ávinnslu til 70 ára aldurs. Þessi jafna ávinnsla miðast við meðaltal réttindaávinnslu aldursáranna 25 til og með 64 ára skv. töflu I í viðauka A, þar sem meðaltalið er birt sérstaklega. Hámarksíðgjald til jafnrar ávinnslu á hverju almanaksári, viðmiðunariðgjald, skal ákveðið fyrir hvern sjóðfélagi, sem er á aldrinum 25 til og með 69 ára, jafnhátt því iðgjaldi sem hann greiddi til sjóðsins á árinu 2003 eða síðasta árið sem iðgjald barst sjóðnum hans vegna, hafi það verið fyrr. Viðmiðunariðgjaldið skal þó ekki taka mið af iðgjaldsgreiðslum umfram 10% af iðgjaldsstofni. Hafi iðgjaldsgreiðslur það ár ekki endurspeglað venjubundnar greiðslur, s.s. vegna starfshléa eða að greiðslum hafi verið hætt á árinu, skal eftir umsókn sjóðfélaga miða útreikning á viðmiðunariðgjaldi við iðgjaldsgreiðslur næsta ár á undan sem stjórn sjóðsins telur gefa sanngjarna mynd af reglulegum iðgjaldsgreiðslum sjóðfélagans. Viðmiðunariðgjald skv. framanskráðu tekur breytingum í hlutfalli við breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá viðmiðunarári til greiðsluárs hverju sinni.
- 10.3.2 Öll iðgjöld sem berast sjóðnum á ári hverju vegna sjóðfélaga sem er 30 ára eða eldri í árslok 2004 og hefur skilgreint viðmiðunariðgjald skv. framanskráðu, skulu færast í jafnri réttindaávinnslu allt þar til viðmiðunariðgjaldinu er náð eða útreiknuðu iðgjaldsgreiðslutímabili er lokið. Sjóðurinn skal sérstaklega gæta þess að réttindaávinnsla þeirra sem ekki eiga rétt á jafnri réttindaávinnslu til 70 ára aldurs skv. 10.3.1. sé samkvæmt þeim ávinnslureglum er gefa meiri rétt á hlutaðeigandi tímabili. Iðgjald sem berst umfram framangreint viðmiðunariðgjald myndar réttindi samkvæmt aldursháðri réttindatöflu sjóðsins. Þegar öll iðgjöld ársins hafa borist vegna sjóðfélaga sem á skilgreint viðmiðunariðgjald skal færa þau til réttinda þannig að sá hluti iðgjalda ársins sem fer í jafna réttindaávinnslu skiptist á mánuði ársins í hlutfalli við samtals iðgjöld. Mismunurinn fer í aldursháða réttindaávinnslu. Sjóðfélagi sem yngri er en 30 ára í lok árs 2004 og hefur fengið útreiknað viðmiðunariðgjald jafnrar ávinnslu getur valið ávinnslu skv. því. Skal hann þá tilkynna sjóðnum þá ákvörðun sína skriflega og skulu iðgjöld hans þá færð skv. 1.-3. ml. þessarar greinar. Ákvörðun hér um skal tilkynna sjóðnum í síðasta lagi einu ári eftir upptöku aldurstengdrar réttindaávinnslu.
- 10.3.3 Við framreikning réttinda skv. ákvæðum 12.-14. gr. skal reikna með jafnri ávinnslu í samræmi við hlutdeild viðmiðunariðgjalds sjóðfélagans af þeim iðgjöldum sem lögð eru til grundvallar framreikningi.
- 10.3.4 Lífeyrissjóðurinn skal upplýsa sjóðfélagi um útreikning á viðmiðunariðgjaldi til jafnrar réttindaávinnslu skv. framanskráðu innan þriggja mánaða frá því að hann greiðir fyrst til sjóðsins eftir 1. ágúst 2006. Telji sjóðfélagi viðmiðunarárið ekki gefa sanngjarna mynd af venjubundnum iðgjaldsgreiðslum hans getur hann óskað eftir því við sjóðstjórn að annað ár verði lagt til grundvallar útreikningi viðmiðunariðgjalds. Ósk um endurskoðun viðmiðunariðgjalds skal berast sjóðnum í síðasta lagi 9 mánuðum eftir að sjóðfélaginn fékk tilkynningu um útreikning viðmiðunariðgjalds.

- 10.3.5 Ekki skal reikna viðmiðunariðgjald fyrir sjóðfélaga sem eru yngri en 25 ára eða eldri en 70 ára þann 1. ágúst 2006. Sjóðfélagi getur hvenær sem er ákveðið að allt iðgjald hans færist til réttinda eftir aldursháðri réttindatöflu. Ákvörðun sjóðfélaga þar um öðlast gildi frá upphafi þess árs sem tilkynning hans berst sjóðnum og er sú ákvörðun óafturkræf. Réttur til jafnrar ávinnslu skv. ákvæðum þessa kafla telst frá gildistöku samþykka þessara eða frá þeim tíma er sjóðfélagi fyrst er heimilt að greiða til sjóðsins vegna launatekna af vinnu á starfssviði hans og fellur niður, sé hann ekki nýttur án eðlilegra skýringa að mati sjóðstjórnar.
- 10.3.6 Stjórn sjóðsins er heimilt að gera samkomulag við aðra lífeyrissjóði innan Landssamtaka lífeyrissjóða sem hafa miðað við jafna réttindaávinnslu á árinu 2003 um gagnkvæma viðurkenningu iðgjaldsgreiðslna til útreiknings viðmiðunariðgjalds skv. framanskráðu. Þá er sjóðunum heimilt að halda samræmda tölvuskrá um rétt manna til jafnrar ávinnslu og kveða á um það, hvernig sá réttur deilist niður, sé iðgjald greitt til fleiri sjóða.
- 10.4. Áunnin lífeyrisréttindi eins og þau eru skilgreind í 11.-14. gr. og reiknuð samkvæmt greinum 10.2. og 10.3. skulu varðveitt í samræmi við gildandi reglur hverju sinni, þannig að lífeyrisgreiðslur verði samkvæmt uppsöfnuðum réttindum hvers réttindatímabils. Framreikningur skal hverju sinni vera samkvæmt þeim reglum sem gilda þegar réttur til lífeyris varð virkur. Samtala lífeyrisréttinda er summa áunninna lífeyrisréttinda og framreiknaðra lífeyrisréttinda, ef slík réttindi hafa verið úrskurðuð. Framreiknuð lífeyrisréttindi teljast ekki með áunnum lífeyrisréttindum nema að því marki sem þau hafa fallið til frá úrskurði framreiknings, sbr. gr. 12.11.a. og 13.6.a. og minnkar framreiknaði hlutinn þá sem því nemur. Þegar stjórn sjóðsins ákveður aukningu réttinda skulu þau vera greind frá öðrum réttindum. Réttindaaukning er ekki tekin með í framreikningi en hún reiknast að fullu í áunnum réttindum. Komi til skerðingar á áunnum réttindum sjóðfélaga skal fara með réttindaskerðinguna á sama hátt og réttindaaukningu nema að skerðingin kemur til frádráttar áunnum réttindum.
- 10.5. Áunnin geymd lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóði Rangæinga þann 31. júlí 2006 skulu varðveitt skv. þeim réttindareglum sem giltu þann dag. Um áhrif frestunar eða flýtingar á fjárhæð lífeyris skv. áunnum rétti þann 31. júlí 2006 fer skv. meginreglu 2. ml. í gr. 11.2. og 11.3. eins og sýnt er í töflum II og III í viðauka A.
- 10.6. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á ellilífeyrstryggingar og áskilur sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykka þessara.

11. Ellilífeyrir.

- 11.1. Sjóðfélagi á aldrinum 62 til 80 ára, sem á réttindi í sjóðnum skv. 10. grein, á rétt á ævilöngum ellilífeyri. Sjóðfélagi sem hefur töku ellilífeyris 67 ára gamall fær réttindi samkvæmt töflu I.
- 11.2. Sjóðfélagi sem er orðinn 67 ára getur frestað töku ellilífeyris til allt að 80 ára aldurs. Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris eftir 67 ára aldur hækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu III fyrir hvern mánuð sem líður frá 67 ára aldri þar til taka lífeyris hefst. Hækkun ellilífeyrisréttindanna miðast við það að verðmæti ellilífeyrisins til æviloka sé hið sama og hjá þeim sem hefja töku ellilífeyris 67 ára miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins.
- 11.3. Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris fyrir 67 ára aldur þá lækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu II fyrir hvern mánuð sem sjóðfélagann vantar upp á 67 ára aldur þegar taka lífeyris hefst. Lækkun ellilífeyrisréttindanna miðast við það að verðmæti ellilífeyrisins til æviloka sé hið sama og hjá þeim sem hefja töku ellilífeyris 67 ára miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins.
- 11.4. Við töku ellilífeyris fyrir 67 ára aldur ráðstafar sjóðfélagi elli- og örorkulífeyrisréttindum sínum endanlega og á því ekki sjálfstæðan rétt til örorkulífeyris eftir það. Hafi hann áunnið sér viðbótarrétt til ellilífeyris með iðgjaldsgreiðslum eftir að hann hóf töku lífeyris skal endurúrskurða honum ellilífeyri hafi hann misst starfsorku sem nemur 50% eða meira.
- 11.5. Iðgjöld sem sjóðfélagar greiða eftir 67 ára aldur veita réttindi samkvæmt töflu IV. Ellilífeyrisréttindi sem aflað er á hverju aldursári samkvæmt þessari grein koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins samkvæmt sérstakri umsókn sjóðfélaga. Greiða skal ellilífeyri eigi síðar en vegna næsta mánaðar eftir 70 ára afmælisdaginn. Hafi sjóðfélagi þó ekki sótt um greiðslu ellilífeyris þegar þessum viðmiðunarlífi er náð skal litið svo á að sjóðfélagi hafi kosið að fresta töku lífeyris. Ellilífeyrir sem aflað

er skv. töflu IV hækkar þegar töku hans er frestað fram yfir næsta afmælisdag samkvæmt því sem tilgreint er í töflunni. Réttindi veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 13. greinar.

- 11.6. Ellilífeyrir er greiddur sem föst fjárhæð á mánuði til dauðadags samkvæmt uppsöfnuðum réttindum. Réttur til ellilífeyris fellur niður við andlát.
- 11.7. Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta ellilífeyrisréttindum á milli sín og maka síns í samræmi við 14. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða:
 - a. Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Lífeyrissjóðurinn skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagsins, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagsins.
 - b. Áður en taka lífeyris hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur og ef sjúkdómur eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka, og skerðast þá réttindi sjóðfélagsins sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagsins. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða.
 - c. Að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi, skulu allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingarverndar og viðbótartryggingarverndar skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagsins hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu
- 11.8. Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku háls ellilífeyris hvenær sem er eftir að 62 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna, sbr. grein 11.4. Ákvæði 11.3 skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 67 ára aldur. Ákvæði 11.2 skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 67 ára aldri er náð.
- 11.9. Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris við gildistöku þessa ákvæðis getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020 farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur meta sérstaklega áhrif frestunar- og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris enda gilda ekki ákvæða 11.3. og 11.2. í slíkum tilvikum. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki ákvæða 11.3. og 11.2. Sjóðfélagi sem nýtir sér ákvæði þetta telst eftir sem áður hafa ráðstafað réttindum endanlega samkvæmt ákvæði 11.4.

12. Örorkulífeyrir.

- 12.1. Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem talið er að svari til 50% örorku eða meira á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin réttindi skv. 10. gr. og nánari skilmála þessa kafla. Auk áunninna réttinda skv. framanskráðu á sjóðfélagi rétt á örorkulífeyri miðað við framreikning á því, hvað ætla má að hefðu orðið réttindi hans við áframhaldandi iðgjalds-greiðslur skv. nánari skilmálum þessa kafla. Skilyrði framreikningsréttar eru að sjóðfélaginn hafi:
 - a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og a.m.k. kr. 60.000 hvert þessara þriggja ára. Hafi sjóðfélagi unnið reglubundið hlutastarf á tímabilinu skal miða við að lágmarksiðgjald hafi verið a.m.k. kr. 40.000.
 - b. greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum.
 - c. orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.
 - d. ekki sjálfur átt sök á orkutapi vegna ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldsgreiðslur til sjóðsins á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hafi til orkutapsins.
- 12.2. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt skilyrði gr. 12.1. um iðgjaldsgreiðslutíma er sjóðstjórn heimilt að stytta áskilinn tíma í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma aftur fyrir orkutap. Hafi sjóðfélagi hins vegar öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði allt að 24 mánuði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna, skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eftir sex mánuði frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til sjóðsins.

- 12.3. Réttur til örorkulífeyris stofnast því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. gr. 14.7 vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Til mats á því hvort tekjuskerðing hafi orðið vegna örorkunnar skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélagans síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutapið reiknaðar til úrskurðardags, sbr. a) lið gr. 12.6. um framreikning. Heimilt er að miða við meðaltal tekna síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið vegna sjóðfélaga, er fengið hefur úrskurðaðan örorkulífeyrir fyrir 1. janúar 2006, sbr. einnig a) lið gr. 12.6. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekjur taka breytingum í samræmi við breytingar sem verða á vísitölu neysliverðs. Við útreikning tekjumissis skal tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar. Í úrskurði um lífeyri skal jafnframt greina hvaða launatekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélagi megi vera ljóst við hvaða mörk lækun örorkulífeyris vegna tekna er miðað. Örorkulífeyrisþega er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtali, sé þess óskað. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar.
- 12.4. Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða á grundvelli örorkumats trúnaðarlæknis sjóðsins samkvæmt reglum um læknisfræðilegt örorkumat og að fengnum upplýsingum um heilsufarsögu og starfsorku sjóðfélaga aftur í tímann. Mat á missi starfsorku skal miðast við þær heilsufarslegu breytingar sem sjóðfélagi hefur orðið fyrir eftir að hann hóf iðgjaldsgreiðslur til sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal orkutap metið á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar og störf og árangurs af endurhæfingu. Orkutap skal síðan endurmetið eftir því sem stjórn sjóðsins telur ástæðu til.
- 12.5. Þegar skilyrði gr. 12.1. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 10. gr. að viðbættum lífeyri sem svarar til þeirra réttinda sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér með iðgjaldsgreiðslum fram til 65 ára aldurs, reiknað samkvæmt grein 12.6. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókominis tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs sbr. þó ákvæði samkomulags um samskipti lífeyrissjóða.
- 12.6. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt á framreikningi réttinda samkvæmt gr. 12.5., skal um þann framreikning fara sem hér segir:
- reikna skal meðaltal iðgjalda sjóðfélaga næstu fjögur almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórn rökstudda ástæðu til að ætla að þetta fjögurra ára meðaltal endurspegli ekki venjubundnar greiðslur, er henni heimilt að leggja til grundvallar iðgjaldsgreiðslur 8 ár aftur í tímann. Við útreikning meðaliðgjalds þessa tímabils skal hvorki taka tillit til þess árs sem lægst iðgjöld bárust vegna sjóðfélaga né þess árs sem iðgjaldsgreiðslur voru hæstar og reikna meðaliðgjaldið því af iðgjöldum þeirra 6 ára sem þá standa eftir. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld í skemmri tíma en 8 ár skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Lífeyrisréttur sjóðfélaga vegna framreiknings ákvarðast jafn þeim réttindum, sem þetta meðaliðgjald, greitt til 65 ára aldurs, myndi hafa veitt honum skv. töflu I í viðauka A. Nemi meðaliðgjaldið hærri fjárhæð en kr. 160.000 skal við framreikning miða við meðaltalið í allt að 10 ár en síðan og til 65 ára aldurs skal í stað meðaltalsins reikna með kr. 160.000 að viðbættum helmingi þess iðgjalds sem umfram er.
 - Hafi sjóðfélagi fyrir orkutapið látið af því starfi sem iðgjöld hans byggðu á, þannig að tekjusaga fortíðar þyki að mati sjóðstjórnar ekki gefa trúverðuga vísbendingu um tekjutap hans í framtíðinni, er sjóðstjórn heimilt að leggja til grundvallar mati á tekjutapi skv. gr. 12.5. áætlaðar framtíðartekjur umsækjanda í nýju starfi að hálfu leyti á móti útreikningi skv. a. lið, sem hafi þá 50% vægi við útreikning á tekjuviðmiði til framreiknings.
 - Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 42.000 kr. fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árlegar iðgjaldsgreiðslur hafa verið undir 42.000 kr., og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps.
- 12.7. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið.
- 12.8. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjú mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap hefur varað skemur en í sex mánuði.
- 12.9. Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir lækni- og hjútrúnaðarlækni sjóðsins. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélagi og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal

umsókn hans vísað frá. Þá er örorkulífeyrisþegum skylt að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu örorkulífeyris eða fjárhæð hans, svo sem er varðar heilsufar eða tekjur. Heimilt er að fengnu álitni trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans enda sé þess gætt að slík endurhæfing standi honum til boða og aðstæður viðkomandi leyfi að hann nýti sér hana. Trúnaðarlæknir sjóðsins, eða eftir atvikum annar sérfróður þjónustuaðili sem sjóðurinn velur, skal leggja mat á það hvort líklegt sé að skipulögð endurhæfing muni skila árangri og þá gera áætlun um endurhæfinguna og umfang hennar. Endurmat á orkutapi skal fara fram að lokinni endurhæfingu.

- 12.10. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
- 12.11. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur og eins ef starfsorka eykst eða tekjur aukast þannig að skilyrðum gr. 12.1. er ekki lengur fullnægt. Áunnin réttindi örorkulífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við fyrsta úrskurð örorku að viðbættum réttindum vegna:
- framreiknaðra réttinda í hlutfalli við hundraðshluta örorkulífeyris af hámarks örorkulífeyri eins og hann hefur verið hverju sinni.
 - aukningar- eða skerðingarréttinda sem kann að hafa verið úthlutað eftir að taka örorkulífeyris hófst.
 - réttinda sem örorkulífeyrisþeginn kann að hafa unnið sér inn eftir úrskurð örorku.
- Til frádráttar ellilífeyri sjóðfélaga, þannig reiknuðum, skal síðan koma sá ellilífeyrir, sem hann hefur afsalað sér samkvæmt grein 11.7. (skipting ellilífeyrisréttinda).

13. Makalífeyrir

- 13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum fyrir andlátíð og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.
- 13.2. Óskertur makalífeyrir skv. grein 13.6. er ætíð greiddur eftirlifandi maka í minnst 36 mánuði og síðan að hálfu í allt að 24 mánuði til viðbótar, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlátíð.
- 13.3. Eftirlifandi maki fær þó ávallt greiddan makalífeyri þar til yngsta barn sem var á framfæri sjóðfélagens nær 18 ára aldri, enda sé það á framfæri makans.
- 13.4. Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 65 ára.
- 13.5. Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátíð var í hjúskap með sjóðfélagi eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagens. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabíl fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.
- 13.6. Makalífeyrisréttindi eru hverju sinni 50% af elli- eða örorkulífeyrisréttindum sjóðfélagens, hvort sem gefur hærri rétt við fráfall. Hér er miðað við öll ellilífeyrisréttindi, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér og því ekki dregin frá þau réttindi, sem hann kann að hafa afsalað sér samkvæmt gr. 11.7. (um skiptingu ellilífeyrisréttinda). Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans. Áunnin réttindi makalífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við úrskurð makalífeyris að viðbættum réttindum vegna:
- framreiknaðra réttinda í hlutfalli við hundraðshluta makalífeyris af hámarks makalífeyri eins og hann hefur verið hverju sinni.
 - aukningar- eða skerðingarréttinda sem kann að hafa verið úthlutað eftir að taka makalífeyris hófst.
 - hafi hinn látni notið örorkulífeyris frá sjóðnum bætast einnig við réttindi sem örorkulífeyrisþeginn kann að hafa unnið sér inn eftir úrskurð örorku.

14. Barnalífeyrir.

14.1. Nú andast sjóðfélagi og eiga þá börn hans og kjörbörn yngri en 18 ára rétt til barnalífeyris úr sjóðnum eins og nánar er kveðið á um í þessum kafla, enda hafi hinn látni:

- a. greitt iðgjöld til sjóðsins 24 af 36 síðustu mánuðum fyrir andlátið eða 6 mánuði af undanfarandi 12 eða
- b. notið ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum sem svarar til minnst 10.000 kr. á mánuði.

Við mat á því hvort framangreindum skilyrðum er fullnægt er sjóðstjórn rétt að taka mið af efnisreglu greinar 12.2. að breyttu breytanda.

14.2. Barnalífeyrir greiðist einnig með börnum sjóðfélaga, sem nýtur örorkulífeyris úr sjóðnum, enda séu þau fædd eða ættleidd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir. Ef örorka sjóðfélaga er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

14.3. Hafi sjóðfélagi á viðmiðunartímabili skv. gr. 14.1 greitt iðgjald að meðaltali af mjög lágum iðgjaldsstofni, kr. 50.000 eða lægra, skal lækka barnalífeyri hlutfallslega þar til hann falli niður hafi iðgjaldsstofn svarað til minna en helmings af ofangreindri viðmiðun. Með sama hætti skal lækka barnalífeyri hlutfallslega með börnum elli- eða örorkulífeyrisþega séu réttindi þeirra svo takmörkuð að lífeyrir sé lægri en kr. 20.000 á mánuði og falla greiðslur barnalífeyris niður sé elli- eða örorkulífeyrir foreldris minni en kr. 10.000 á mánuði.

14.4. Veiti fráfall sjóðfélagens börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

14.5. Fullur barnalífeyrir sem greiddur er með barni örorkulífeyrisþega er kr. 5.500 á mánuði. Barnalífeyrir sem greiddur er með hverju barni látins sjóðfélaga er kr. 7.500 á mánuði. Fjárhæðir þessar skulu breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

14.6. Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera myndu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða. Við ættleiðingu barns með erlent ríkisfang, sem búsett er erlendis, skulu tímamörk skv. þessum kafla miðast við útgáfudag gildandi vilýrðis eða forsamþykkis dómsmálaráðuneytis í stað dagsetningar ættleiðingar-leyfis.

14.7. Barnalífeyrir greiðist framfaranda barns til 18 ára aldurs barnsins.

15. Tilgreind séreign

15.1. Í samræmi við kjarasamning þá er sjóðfélaga heimilt að ráðstafa allt að 3,5% af iðgjaldsstofni í tilgreinda séreign. Samkvæmt gr. 3.5 í samþykktum sjóðsins og lögum nr. 129/1997 um lífeyrissjóði þá er stjórn sjóðsins heimilt að semja við aðila sem uppfylla skilyrði 3. mgr. 8. gr. nefndra laga um rekstur tilgreindrar séreignardeildar.

15.2. Þeir sjóðfélagar sem óska eftir að ráðstafa hluta af iðgjaldi í tilgreinda séreign skulu tilkynna það til sjóðsins með sannanlegum hætti eftir þeim reglum sem sjóðurinn setur í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglugerða. Sjóðfélagar geta með sama hætti tilkynnt um að þeir óski þess að láta af greiðslum í tilgreinda séreign og rennur iðgjald þá til samtryggingardeildar.

15.3. Lífeyrissjóðurinn skal gera breytingar á ráðstöfun iðgjalds til samræmis við tilkynnta ákvörðun sjóðfélaga samkvæmt framansögðu eins fljótt og kostur er og eigi síðar en tveimur almanaksmánuðum frá því að tilkynning berst með sannanlegum hætti. Ákvörðun um breytingu á ráðstöfun iðgjalds til framtíðar hefur ekki áhrif á þegar ráðstafað iðgjald.

15.4. Iðgjöld sem greidd eru í tilgreinda séreign skulu vera séreign þess rétthafa er greiðir. Framlag í tilgreinda séreign gefur ekki rétt til fyrirfram ákveðins lífeyris heldur skal útborgun úr sjóðnum vera í samræmi við inneign hvers og eins.

- 15.5 Sjóðfélagi er heimilt að hefja úttekt úr tilgreindri séreign þegar sjóðfélagi hefur náð 62 ára aldri og skulu útgreiðslur dreifast á jafnar mánaðarlegar greiðslur frá því að sjóðfélagi óskar eftir að fá tilgreinda séreign greidda úr og þar til sjóðfélaginn nær 67 ára aldri. Þegar sjóðfélagi nær 67 ára aldri er heimilt að greiða tilgreinda séreign út í einni greiðslu, nema sjóðfélagi óski annars. Óski réttihafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir 500.000 kr. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
- 15.6 Réttihafi, sem vegna örorku verður að hætta störfum áður en hann nær 62 ára aldri, á rétt á að fá inneign sína í tilgreindri séreign greidda með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi. Óski réttihafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir 500.000 kr. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
- 15.7 Við andlát réttihafa öðlast erfingjar hans rétt til innstæðunnar eftir reglum erfðalaga. Láti réttihafi ekki eftir sig börn eða maka, skal innstæðan renna til dánarbús réttihafa án takmarkana 2. msl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.
- 15.8 Réttihöfum er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum í tilgreindri séreignardeild nema slíkt sé sérstaklega heimilað skv. lögum nr. 129/1997.

16. Iðgjaldagreiðslur falla niður.

- 16.1. Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.
- 16.2. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd réttindi sbr. þó gr. 15.1.

17. Endurgreiðsla iðgjalda.

- 17.1. Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara, þegar þeir flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum, sem Ísland er aðili að. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum kostnað vegna tryggingaverndar, sem sjóðfélaginn hefur notið, og kostnað vegna umsýslu á tryggingafræðilega réttum forsendum. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Við endurgreiðslu til sjóðfélaga samkvæmt þessari grein falla niður allar kröfur viðkomandi sjóðfélaga á hendur sjóðnum vegna hinna endurgreiddu iðgjalda.
- 17.2. Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, yngri en 16 ára og þeirra sem náð hafa 70 ára aldri, sbr. gr. 9.1. og 10.4., skal hann endurgreiða sjóðfélagi og launagreiðenda iðgjaldshluta þeirra. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

18. Samningur um gagnkvæm réttindi o.fl.

- 18.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum samþykktu þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða, að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin myndu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn fyrir en þeir hafa hlotið samþykki Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, svo og staðfestingu fjármálaráðuneytisins.
- 18.2. Stjórn sjóðsins mun gera samkomulag við annan lífeyrissjóð um jöfnun áhættudreifingar vegna framtíðarskuldbindinga sinna, þannig að áhætta vegna örorkulífeyris sé ekki meiri en hún væri, ef greiðandi sjóðsfélagar væru 800. Allar breytingar skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu að fengnu mati tryggingafræðings sjóðsins.

19. Tilhögun lífeyrisgreiðslna, verðtrygging viðmiðunarfjárhæða.

- 19.1. Lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum eru ákvarðaðar á grundvelli umsóknar á umsóknareyðublöðum frá sjóðnum. Skylt er umsækjanda að láta sjóðnum í té allar upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til að ákvarða lífeyri í samræmi við réttindi sjóðfélagans samkvæmt samþykktum þessum. Láti umsækjandi sjóðnum ekki í té tilskildar upplýsingar er honum rétt að vísa umsókn frá. Þá er lífeyrisþegum skylt að upplýsa sjóðinn

um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu lífeyris eða fjárhæð hans. Þessi atriði skulu tiltekin í tilkynningu til umsækjanda um ákvörðun lífeyris og á lífeyrisfirlitum.

- 19.2. Það getur varðað réttindamissi ef umsækjandi um lífeyri leggur vísitandi fram rangar upplýsingar, sem til þess eru fallnar að auka lífeyrisgreiðslur honum til handa umfram það sem hann á rétt á. Ennfremur ef lífeyrisþegi vísitandi leynir sjóðinn breytingum á aðstæðum, sem áhrif hafa á rétt til lífeyris.
- 19.3. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftirá. Ellilífeyrir greiðist fyrir heila mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum og greiðist ekki aftur í tímann. Þó er heimilt að greiða ellilífeyri fyrir sama mánuð og umsókn berst sjóðnum. Síðasta greiðsla elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri er greidd fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða örorku-, maka- og barnalífeyri lengra aftur í tímann en fjögur ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum. Úrskurður skv. þessu skal þá miðast við réttindareglur eins og þær hafa verið á umræddu tímabili og lífeyrir skv. verðlagi hvers tímabils. Vextir greiðast ekki á lífeyrisgreiðslur.
- 19.4. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. 2.500 króna á mánuði og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.
- 19.5. Þar sem samþykktir þessar tilgreina fjárhæðir í krónum talið, miðast verðgildi þeirra við gildi vísitölu neysluverðs 230 og skulu fjárhæðir endurreiknaðar mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölunni, nema annað sé tekið fram í viðkomandi grein.

20. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.

- 20.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

21. Málsmeðferð og gerðardómur.

- 21.1. Um málsmeðferð í ágreiningsmálum sjóðfélaga gagnvart lífeyrissjóðnum gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 eftir því sem við á, svo sem um birtingu ákvörðunar, rökstuðning og endurupptöku.
- 21.2. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað málinu til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum af lífeyrissjóðnum og oddamanni tilnefndum af Fjármálaeftirlitinu. Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi, skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurupptöku. Sjóðstjórn er þá skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer að öðru leyti samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

22. Eftirlit

- 22.1. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi sjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997 og lög nr. 87/1998.

23. Breytingar á samþykktum.

- 23.1. Tillögur um breytingar á samþykktum þessum má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. 3 vikum fyrir ársfund sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal, minnst tveim vikum fyrir ársfund, senda aðildarfélögum sjóðsins og SA tillögurnar til kynningar. Ennfremur verður að geta tillagnanna í fundarboði. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu, sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum samkvæmt samningi milli ASÍ og SA um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.
- 23.2. Tillaga að breytingu á ákvæðum, sem teljast efni kjarasamninga s.s. um iðgjöld og stjórnskipan sjóðsins, þ.á.m. um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórnar verður einungis tekin fyrir á ársfundi að fyrir liggji samþykki 2/3 hluta samtaka atvinnurekenda og launþega sem að sjóðnum standa. Um vægi atkvæða

einstakra aðildarfélag sjóðsins fer þá eftir ákvæðum í gr. 5.3. og þarf þá bæði samþykki tilskilins meirihluta samtaka stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa.

- 23.3. Breytingar á samþykktum þessum öðlast því aðeins gildi að þær hafi verið samþykktar með a.m.k. 2/3 hlutum atkvæða fulltrúa á ársfundi sjóðsins og hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.
- 23.4. Stjórn sjóðsins er heimilt að gera breytingar á samþykktum þessum án þess að bera þær undir ársfund, ef þær leiða af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerð. Breytingar sem gerðar eru með heimild í þessari grein skulu kynntar formlega á næsta ársfundi sjóðsins.

24. Gildistaka.

- 24.1. Samþykktir þessar öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að staðfesting fjármála- og efnahagsráðuneytis liggur fyrir.

Hellu, 14. maí 2024.

Öllu framangreindu til staðfestingar er skjal þetta undirritað með fullgildri rafrænni undirritun. Rafræn undirritun skjals er í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Stjórn Lífeyrissjóðs Rangæinga:

Guðmundur Svavarsson
Margrét Jóna Ísólfsdóttir
Ólafía B. Ásbjörnsdóttir
Hilmar Harðarson